

FRÓÐLEGUR SAMANBURÐUR

I

Ef Íslendingar vildu færa sér í nyt þá möguleika, sem fyrir hendi eru, þá mundi svo fara, að íslensk nöfn yrðu nefnd, þegar getið væri fremstu rithöfunda mannkynsins. En til þess að það geti orðið, verður m. a. að hafa meiri hug á að láta sér að notum verða það sem læra má af hinum fornu ritsnillingum, athuga málfar þeirra betur en gert hefir verið. Mundu menn þá einnig glöggva sig á, eins og þyrfti, ýmsu því, sem ekki er til fyrirmyndar. Og slíkt má finna, jafnvel hjá höfuðsnillingnum Snorra Sturlusyni. Eins og t. d. í upphafi 128. kaflans í Ólafs sögu helga; þar segir svo: „ok er hann ætlar sér um vetrinn at fara um Uplönd (þ. e. Upplönd), síðan byrjar hann ferðina ok fór til Uplanda“.

Þetta mun vera þannig til komið, að Snorri hefir verið að velta því fyrir sér, hvernig hefja skyldi þennan kafla, og ef til vill „hugsað hátt“ áður að rétttri niðurstöðu væri komið: en skrifarinn, sem hann sagði fyrir, tekið of fljótt til. Annars er vitanlega Snorri hin mikla fyrirmynd; en að sumu leyti þó ekki síður höfundur Njálu. En Snorramál hafa menn ekki rannsakað betur en svo, að til skamms tíma hafði ekki verið tekið eftir ýmsum helstu einkennum, sem eru á máli þess manns, sem frægastur er allra íslenskra rithöfunda. Og er mál þessa ágæta snillings þó í rauninni auðþekkt, ef menn aðeins beita nógu vel þessari höfuðþrótt vísindamannsins, að sjá hvað er líkt og hvað ólíkt. En það er í þessu efni, sem hér um ræðir, að taka nógu vel eftir, hver þau orð eru og orðtæki, sem aðrir höfundar nota miklu síður en Snorri, eða jafnvel alls ekki. Og ef það er gert, finna menn, að í máli Snorra er beinlínis um að ræða það sem kalla mætti kenni-

orð (sbr. kennileiti). Er þar eitt hið eftirtektarverðasta orðið „feginsamlega“, sem kemur fyrir 8 sinnum í Heimskringlu og 6 sinnum í Eglu, en t. d. aldrei í Njálu. Hve mjög þetta er Snorraorð kemur skemmtilega fram við samanburð, sem auðvelt er að gera. Dr. Sigurður Nordal segir svo í hinum stórfróðlega formála sínum fyrir 2. bindi Flateyjarbókar, s. XIII: „Það kemur að vísu oft fyrir (í Ólafs sögu helga í Flateyjarbók), að texta Snorra er raskað með því að blanda hann með öðrum frásögnum, en lengstum stendur hann óhaggaður“.

Orðið „feginsamlega“ kemur í Ólafs sögu helga í Heimskringlu fyrir þrisvar: 1. S. 263 (útg. F. J.): „En er þeir Freyviðr hittu þar fyrir frændr sína ok vini, þá segja þeir þat, at þeir vili ráðask í flokkinn; en því taka allir *feginsamlega*“. Flateyjarbók, II, s. 261: „Ok er þeir bræðr fundu frændr sína ok vini þá segja þeir, at þeir vilja ráðast í flokkinn, en því taka allir vel“. 2. Heimskringla, s. 324: „En er þeir komu norðr til Þorbergs, þá tók hann við þeim sem bezt ok *feginsamligast*“.

Flateyjarbók, s. 367: „En er þeir kómu norðr til Þorbergs, þá tók hann vel við þeim“.

3. Heimskringla, s. 413: „Tók Einarr feginsamlega við byskupi“.

Flateyjarbók, s. 490: „Tók Einarr feginsamlega við biskupi“.

Þarna, í þriðja skiptið sem orðið kemur fyrir í sögunni, tekur Flateyjarbókarritarinn það upp. Ef til vill kemur þar til greina, að setning Snorra er svo stutt, og eins það, að prestinum hefir fallið hið veigameira orð betur, þar sem um biskup var að ræða.

Á þessari sömu síðu, 490, er gott dæmi þess, hversu ólíkt málfar ritarans verður, þegar Snorra sleppir: „hverr at sá váttar, at blessaðr drottinn, Jesus Christus formeraði, ok fullgerði lausn ok frelsi síns lýðs í sinni vitjan. Sannliga vitjaði drottinn Jesús síns lýðs, þá er hann sendi sitt lýsanda ljósker“ (þ. e. Ólaf konung helga).

Kafli þessi, sem ég tel óþarft að taka hér upp allan gefur

góða hugmynd um hvaðan stafaði málspillingin, sem þyrmdi yfir hér á 14. öldinni; og nokkur nýtískublær er jafnvel á málinu, þegar höfundurinn tekur upp útlent orð — sem hann virðist ekki einu sinni hafa skilið — þar sem hann vill hafa mikið við.